

Saksóknari Alþingis
Skúlagötu 17
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2010

Varðar: Umsögn saksóknara Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á lögum um landsdóm nr. 3/1963.

Með ályktun Alþingis 28. september 2010 var ákveðið að höfða mál á hendur mér fyrir landsdómi. Hefur forseti landsdóms með bréfi dags. 30. september 2010 tilkynnt mér um þessa málshöfðun í samræmi við 14. grein laga um landsdóm.

Fyrir Alþingi liggur nú stjórnarfrumvarp til laga um breytingar á lögum um landsdóm (þingskjal nr. 278) sem dómsmála- og mannréttindaráðherra flytur. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að byggt sé á tillögum forseta landsdóms í bréfi til ráðuneytisins dags. 21. október 2010, þ.e. tæpum mánuði eftir að Alþingi tók ákvörðun um málshöfðun.

Við 1. umræðu um frumvarpið á Alþingi 24. nóv. sl. kom fram hjá ráðherra í svari við fyrirspurn þingmanns að einhver atriði frumvarpsins hefðu verið borin undir yður sem saksóknara Alþingis.

Með bréfi þes er þess farið á leit að mér verði veittar nánari upplýsingar um aðkomu yðar sem saksóknara Alþingis að samningu framangreinds lagafrumvarps. Ég óska jafnframt eftir því að þér afhendið mér án tafar afrit allra fyrirliggjandi gagna um samskipti yðar og dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins við frumvarpsgerðina. Þá er þess óskað að ég fái upplýsingar um og afrit af öllum samskiptum yðar og forseta landsdóms af sama tilefni ef þeim er til að dreifa.

Þar sem mér hefur ekki verið skipaður verjandi í málinu, þrátt fyrir skýlaus ákvæði 15. greinar laga um landsdóm, rita ég yður þetta bréf í eigin nafni.

Virðingarfyllst,